

Samherji fiskeldi ehf.  
Glerárgötu 30  
600 Akureyri

13. október 2025  
UOS2501595/A.E.H.

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. september 2025 – ID 64**

Þann 1. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í Samherji fiskeldi ehf. við Stóru Vatnsleysustönd. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:**

Rekstraraðila var minntur á að sækja um nýtt starfsleyfi tímalega þar sem núgildandi starfsleyfi rennur út í mars árið 2027.

### **Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum, fullnægjandi skil bárust 10. september 2025 og er frávikin því lokað.
2. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Grænt bókhald fyrir árið 2023 var með ófullnægjandi upplýsingum, fullnægjandi skil bárust 10. september 2025 og er frávikin því lokað.
3. Gr 3.5 í starfsleyfi. Grænt bókhald fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum, fullnægjandi skil bárust 10. september 2025 og er frávikin því lokað.

Virðingarfyllst,

*Auður Eyberg Helgadóttir*

Teymi eftirlits

*Freyr Ævarsson*

Teymi eftirlits